

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 2. september 2024
UST202408-122/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga- Breyting aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 - Lúnansholt III og IV.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 15. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir Lúnansholt III og IV.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að frístundabyggðar F75 verður breytt í íbúðarbyggð undir 10 lóðir. Stærð skipulagssvæðisins er 8 ha.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga um stjórn vatnamála þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrir séð er álag á vatn).

Stefna sveitarfélagsins þarf að vera á þá leið að yfirborðsvatnshlot verði í a.m.k. mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi í samræmi við markmið/stefnu vatnaáætlunar (Íslands 2022 - 2027) og öll grunnvatnshlot í góðu efnafræðilegu ástandi og hafi góða magnstöðu.

Fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem að mikilvægt fuglasvæði er þar sem skipulagsbreytingin nær til þarf að fjalla um stefnu sveitarfélagsins um vernd fuglasvæðisins, grunnástand og áhrif tillögunnar á fuglasvæðið.

Um allan heim hnignar fjölbreytileika lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða, mengun, útbreiðsla ágengra

tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.¹²

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytilega, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis, eyðingu ágengra tegunda svo eitthvað sé nefnt.

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að rétt fyrir utan skipulagssvæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.³ Að mat Umhverfisstofnunar er ólíklegt að framkvæmdir á svæðinu muni hafa áhrif á það.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

¹ <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/liffraedileg-fjoldbreytni-til-framtidar>

² [Mófuglar | moi.hi.is](https://mofuglar.moi.hi.is)

³ <https://serstokvernd.ni.is/>